

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Langanesi, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 13. október 2005, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Langanesi.

Deiliskipulag frístundabyggðar í Langanesi, 3. áfangi.

Um er að ræða stækkun á núverandi svæði frístundabyggðar, þ.e. 12 nýjar lóðir, hver um sig tæpur 1,0 ha að stærð. Lóðirnar eru norðan við núverandi frístundabyggð og í boga með Eystri Rangá.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 7. febrúar 2006.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.